



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 25.1.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Skotæfingasvæði Álfsnesi - Aðalskipulagsbreyting - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 17. janúar 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 17. janúar 2024 á auglýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2040 fyrir skotæfingasvæði á Álfsnesi, ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja að fyrirbyggjandi tillaga að aðalskipulagsbreytingu verði auglýst svo kalla megi fram sjónarmið íbúa til málsins. Setja fulltrúarnir því hefðbundinn fyrirvara um endanlega afstöðu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þær breytingar sem hér eru lagðar til, að skapa skilyrði fyrir skotæfingar, bera merki um hversu kappsamur meirihlutinn er að þjóna þessum hópi fólks sem vill skjóta. Aðstaða á svæðinu hefur verið byggð upp og kostuð af Reykjavíkurborg. Miklu hefur verið til kostnað vegna landmótunar og annarra mannvirkja til að réttlæta frekar að svæðið verði notað fyrir skotæfingar. Flokkur fólksins harmar að hunsa eigi alfarið áralanga baráttu íbúanna við að losna við skotæfingasvæði svo hlífa megi fólki og dýrum við mengun. Eftir því er tekið að hvergi í gögnum er minnst á viðurlög ef reglur eru brotnar. Umræða um að þetta sé þjóðarleikvöllur í skotfimi ætti að leiða til þess að fleiri en borgin greiði fyrir allar þessar breytingar. Hvernig getur skotæfingasvæði verið þjóðarleikvöllur þegar stór hópur er e.t.v. alfarið á móti þessu sporti? Þótt blýhögl séu bönnuð hafa þau fundist í fuglum sem ekki gera greinarmun á blýhöglum og sandkornum sem þeir éta til að auðvelda meltinguna. Ætlast er til að Reykjavíkurborg beri kostnað af rannsóknum á menguninni. Með öllu þessu tilstandi má ætla að þessi skotvöllur verði þarna um aldur og ævi.

Bjarni Þóroddsson
e.u.